



17. stjórnarfundur LH

Haldinn í Samskipahöllinni í Spretti 9. október 2017 kl. 16:00

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Helga B. Helgadóttir, Andrea M. Þorvaldsdóttir

Fjarverandi úr aðalstjórn: Eyþór Jón Gíslason, Haukur Baldvinsson, Ólafur Þórisson

Mættir úr varastjórn: Stefán Ármannsson, Magnús Benediktsson, Sóley Margeirsdóttir Rúnar Bragason
Fjarverandi úr varastjórn: Ingimar Ingimarsson

- Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar, sem og fundargerð 14. fundar sem óskað var leiðréttingar á.**
Fundargerð 14. fundar samþykkt með áorðnum breytingum.
- HÍDÍ prófamál – innsent bréf**
Samþykkt að kalla eftir upplýsingum um verklag við námskeið, prófagerð og yfirferð prófa. Hver eru rökin fyrir því að próftaki fær ekki að sjá prófið sitt.
- Knapatilnefningar – innsend bréf**
Vísað til valnefndar.
- Málþing um úrbætur í reiðvegamálum**
Gengur vel að undirbúa þingið, fundur annað kvöld með öllum fyrirlesurum. Um fimmtíu manns hafa skráð sig.
- Frá skrifstofu**
 - Vefur LH, Stefna: HKG kynnti gróft tilboð um að uppfæra vefinn okkar og gera hann snalltækjavænan. Samþykkt að fá nákvæmara verðtilboð og hvað felst í því.
 - Samfélagsmiðlar: HKG sagði frá fundi með sérfræðingi í notkun samfélagsmiðla og skýrði frá góðum og gagnlegum fundi. HKG lagði til að öll stjórnin færi á stutt námskeið um þessi mál. Skrifstofa skoðar betur og vinnur með þetta.
 - Skrifstofuhúsgögn: HKG lagði fram minnisblað um þörf á nýjum skrifborðum, stólum og lítilli „stofu“ á skrifstofu LH. Minnisblaðið hljóðaði uppá 300.000 krónur sem þyrftu í þessar breytingar. Samþykkt.
- Formannafundur**
Dagskráin er tilbúin og verður send út sem fyrst. Athuga að setja inn punkta frá fundi með laganefnd.
- Fundur um keppnistímabilið**
Góður fundur og frábært framtak. Hefðu mátt vera fleiri fundargestir en mjög margir fylgdust með honum live á Facebook. Hópvinnan virkaði gríðarlega vel og það kom mikið út úr henni. Búa til vinnuhóp jafnvel og vinna úr niðurstöðum fundarins. Jafnvel að keppnisnefnd færi yfir niðurstöðurnar. Gerð verður skýrsla og niðurstöður teknar saman og birtar. JDB og HBH vinna fundargögnin fyrir jólafund LH.



8. Landsliðsnefnd

Góð umræða um málefni landsliðsnefndar og nefndin er búin að skila skýrslu til skrifstofu.

9. Afrekshópur

Samþykkt að hópurinn hittist sem fyrst. Síðasta námskeið hópsins verður í desember.

10. Uppskeruhátíð; heiðursverðlaun

Tillaga kom að aðila til að heiðra og stjórnin samþykkti einróma.
Stjórn og varastjórn fá tvo miða.

11. Landsþing 2018 – Léttir býður heim

Hestamannafélagið Léttir býðst til að halda landsþing LH 2018. Léttir verður 90 ára á árinu.
Stjórnin þakkar kærlega gott boð og hlakkar til að koma til Akureyrar.
Dagsetning 12. október 2018 með fyrirvara um hóteltgistingu. Andrea skoðar og lætur vita.

12. Afrekssjóður ÍSÍ

LH fékk 2 milljónir í seinni hluta úthlutunar afrekssjóðs. Samtals fengum við því 4,2 milljónir úr afrekssjóði 2017. Senda fyrirspurn á Andra um hvað samböndin í okkar flokki eru að fá.

13. Önnur mál

- a. Vinnufundur stjórnar í nóvember. Athuga 10. – 12. nóvember. Skrifstofa kannar möguleika á stað til að vera á yfir helgi; Vatnsholt, Stracta.
- b. Meistaradeild æskunnar sækir um fræðslustyrk til að halda opinn fyrirlestur. Samþykkt að veita 60.000 króna styrk til deildarinnar.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 18:00.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*